

**Ed.**

**754. Breytingartillögur**

[186. mál]

við frv. til 1. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. 2. og 3. töluliður falli niður.
2. Við 6. gr. Upphaf greinarinnar, aftur að tölulið rómv. II, orðist svo:  
Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluta, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, sem hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:
  - I. Almennu kennaranám.
    - a. Uppeldisgreinar bóklegar, að minnsta kosti 2 hlutar.
    - b. Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn, að minnsta kosti 2 hlutar.
    - c. Námssefni skyldunáms. Um skiptingu þess skal fara eftir ákvæðum í sérstakri reglugerð.
3. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:  
Kennsla í kennslugreinum undir II., III. og IV. lið má fara fram í Háskóla Íslands, ef það þykir hagkvæmara.
4. Við 8. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:  
Nú óskar nemandi, sem tekið hefur lokapróf frá Kennaraháskóla Íslands, eftir að stunda nám til B.A.- eða B.S.-prófs við Háskóla Íslands, og skal þá nám hans við Kennaraháskólann metið sem ákveðinn hluti fyrrgreinds náms í Háskóla Íslands eftir nánari ákvæðum í reglugerð.
5. Við 9. gr. Aftan við 4. tölulið bætist nýr töluliður, er svo hljóðar:  
Gerðar skulu svipaðar kröfur til nemenda og um námsefni í Kennaraháskóla og gerðar eru til nemenda í Háskóla Íslands í jafnlöngu námi.
6. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:  
Heimilt er að ráða kennara að hluta til starfa við Háskóla Íslands og að hluta við Kennaraháskóla Íslands.